



## SAFNASVÆÐIÐ AKRANESI

Görðum, 300 Akranes  
Sími: 431 5566 / 431 1255  
[www.museum.is](http://www.museum.is)  
[museum@akranes.is](mailto:museum@akranes.is)

Alþingi  
Erindi nr. Þ 135/1903  
komudagur 27.3.2008

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

### **Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um skipafriðunarsjóð** **Þskj. 256 – 236.mál**

Samkvæmt tillögu þessari til þingsályktunar um skipafriðunarsjóð og verndun gamalla skipa verður vonandi stigið það skref til fulls að koma til móts við og aðstoða þau mörgu söfn sem hafa haft þá söfnunarstefnu í gegnum tíðina að varðveita og bjarga skipum, og varðveita þannig stóran hluta af sögu skipasmíða og útgerðar í landinu. Þessi tillaga var orðin tímabær fyrir mörg fjársvelt söfn sem hafa reynt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að varðveita og viðhalda sjóminjum sem þau hafa upp á sitt eindæmi bjargað frá glötun. Tillögu þessari og markmiðum þess, er því tekið fagnandi.

Árið 2000 var lagt fram á Alþingi frumvarp til breytinga á lögum 92/1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins sem átti að stuðla að verndun gamalla skipa og báta í landinu. Samkvæmt frumvarpinu var kveðið á um að styrkja með ákveðinni upphæð hverja rúmlest skips sem tekin var til varðveislu eftir 1. janúar 1990. Skip og bátar í eigu safna voru af ýmsum stærðum og gerðum og í mismunandi ástandi. Engin fræðileg úttekt hafði verið gerð varðandi ástand þeirra en kostnaður við að viðhalda og endurgera þessi skip/báta var mjög mikill og fór ört vaxandi við hvert skip/bát sem safn ákvað að bjarga frá glötun. Undirritaður sendi inn greinargerð varðandi þessa þingsályktun á sínum tíma og þótti frumvarpið ekki ganga nógu langt varðandi varðveislu.

Það eru 18 - 20 söfn um land allt sem hafa markað sér söfnunarstefnu á þessu sviði og tekið að sér að halda utan um þetta mikilvæga mál í menningarsögu þjóðarinnar og allur sá kostnaður sem því fylgir að varðveita skip/bát hefur alfarið fallið á herðar þess safns. Samkvæmt skýrslu um báta í eigu minjasafna á Íslandi, sem gerð var fyrir Þjóðminjasafn Íslands árið 1995, þá eru um 70 % þeirra skipa/báta sem varðveitt eru á minjasöfnum um land allt fengin fyrir 1990. Eftir árið 1990 hafa mörg söfn ekki tekið báta til varðveislu þar sem viðhald og endurgerð þeirra er mjög kostnaðarsamur liður í þeirra rekstri, og flest söfn búin að fá til sín skip/báta sem þau höfðu ráðgert að varðveita. Algengt er að kostnaður safna við að taka til sín og varðveita skip/báta er oft það mikill að báturinn er settur aftarlega í forgangsröð yfir brýn verkefni og grotnar þannig niður með tímanum. Þó eru mörg skip og bátar enn til staðar sem eru þess virði að varðveita og er nauðsynlegt að gera sem allra fyrst rannsókn á varðveislugildi þeirra ásamt kostnaðarmati.


Byggðasafn Akraness og nærsveita er með 10 skip/báta á minjaskrá sinni í misjöfnu ástandi. Meðal þeirra er kúttur Sigurfari, sem er eini varðveitti kútturinn í landinu og því einstæður safngripur fyrir minjavörslu allrar þjóðarinnar. Endurgerð kútters Sigurfara sem nú er komið á undirbúningsstig verður eitt af stórvirkjum í verndun gamalla skipa og er gríðarmikið verk sem kallar á þjóðaráttak. Sigurfari er aðeins eitt af mörgum frábærum skipum hér á landi sem hægt er að bjarga frá glötun ef rétt hugarfar fylgir verki.

Víða um land liggja gamlir bátar og aðrar sjóminjar undir skemmdum. En ætti tillagan ekki líka að taka til annarra sjóminja en einungis skipa/báta? Lítið er vitað um allan þann fjölda af þess konar minjum sem horfið hafa og þ.a.l. hefur stórt skarð myndast í menningarsögu þjóðarinnar. Mjög algengt var meðal safna að þegar þau hófu minjasöfnun sína þá beindist athygli þeirra fyrst og fremst að forngrípum og munum hins gamla bændasamfélags, sem þá voru óðum að týna tölunni. En síðan þá virðist nær öll söfnun beinast að þessu sama tímabili. Og þegar þessir gömlu munir voru ekki lengur fáanlegir hefur söfnuninni oft verið hætt, því einhverra hluta vegna hefur mönnum aldrei þótt hlutir úr sinni eigin samtíð nógu merkilegir til að eiga heima á safni. Þetta hefur m.a. valdið því að mörg söfn á Íslandi hafa lítið sem ekkert safnað munum tengdum sjósókn og þeirri gerð samtímaminja.

Hafið er uppspretta mannlífs á Íslandi og þjóðin hefur löngum lifað af því sem upp úr sjónum kemur. Því er það skylda minjavörslunnar í landinu að hlúa sem best að þeim minjum sem tengjast þessum þætti í sögu landsins. En eins og fram kemur er varðveisla skipa/báta mjög fjárfrekur þáttur í rekstri safna og því mikilsvert að vanda val sitt vel varðandi þennan málaflokk. Svo að þessir munir fari ekki forgörðum er nauðsynlegt að fleiri taki þátt í kostnaði við varðveislu og enduruppgerð skipa/báta, og annarra sjóminja, en söfnin sjálf. Eins og fram kemur í niðurlagi greinargerðar tillögunar þá þolir þetta mál ekki mikla bið og þarf að gerast sem fyrst með myndarlegri aðkomu ríkisvalds, því gömul skip/bátar láta ekki bíða eftir sér. Tillaga þessi til þingsályktunar um skipafriðunarsjóð er því mjög mikilvægur liður í að styrkja þau söfn sem hafa þá stefnu að hlúa að sjóminjavörslu í landinu.

Akranesi 26.mars 2008

Virðingarfyllst,

  
Jón Allansson, forstöðumaður  
Byggðasafnið að Görðum, Akranesi